



Alþingi

Erindi nr. P 130/1386

komudagur 16. 3. 2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Stefáns Á. Auðólfssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. mars 2004

Sam 103/2004 ÞS/sp
Tilv.: 051

Efni: Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dags. 1. mars 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 576. mál.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórunn Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 576. mál.

Meginmarkmið með þessum lagabreytingum er að veita sveitarfélögum meira svigrúm varðandi rekstrarform vatnsveitna.

Hliðstætt frumvarp var lagt fram á Alþingi á árinu 2003 en náði þá ekki fram að ganga. Sú breyting hefur nú verið gerð frá frumvarpinu sem lagt var fram á árinu 2003 að felld er niður heimild eigenda vatnsveitna til að taka sér arð af rekstri vatnsveitna sbr. 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga. Samband íslenskra sveitarfélaga leggst gegn þeirri breytingu. Lagt er til að við frumvarpið bætist svohljóðandi ákvæði, sem verði ný málsgrein við 6. eða 10. gr. frumvarpsins eða verði sjálfstæð grein:

Í gjaldskrá er heimilt að miða við að rekstur vatnsveitna skili eiganda sínum eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 er svohljóðandi ákvæði að finna í 5. mgr. 7. gr. laganna: „Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra.”

Í nefndarálitni félagsmálanefndar Alþingis segir um þetta ákvæði: „Lögð er til breyting á 7. gr. er fjallar um almennar skyldur sveitarfélaga. Fjöldmörg sveitarfélög reka fyrirtæki á eigin ábyrgð og hafa fyrirtækin greitt sveitarsjóðum arð þegar rekstur þeirra hefur leyft. Þessi háttur hefur t.d. verið hafður hjá fyrirtækjum borgarsjóðs í a.m.k. 60 ár og hafa gjaldskrár fyrirtækjanna, sem staðfestar hafa verið af viðkomandi ráðuneyti, tekið mið af þessu. Ótvíræða heimild til þessa hefur hins vegar hingað til vantað í löggjöf. Í framhaldi af þessu mun þurfa að gera breytingar á orkulögum, nr. 58/1967, og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, til þess að tryggja enn frekar heimildir sveitarfélaga til að ákveða arðgreiðslur frá fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu sveitarfélaganna og rekin eru á þeirra ábyrgð.

Eins og kunnugt er hefur orkulögum þegar verið breytt í samræmi við þetta, sbr. lög nr. 78/2001. Þá er getið um arðsemissjónarmið í öllum sérlögum um veitufyrirtæki sveitarfélaga, sbr. eftirfarandi:

4. mgr. 6. gr. laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001:

„Við það skal miðað að Orkuveita Reykjavíkur skili eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu.”

1. m.gr. 10. gr. laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja nr. 10/2001:

„Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða.”

5. gr. laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku nr. 159/2002:
„Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.“

Öll þessi fyrirtæki reka fjölbætta veitustarfsemi og þar með talið vatnsveitur. Eðlilegt er að reglur um heimildir veitufyrirtækja til arðgreiðslna séu sambærilegar óháð því hvers konar veitustarfsemi þau sinna. Ekki verða séð nein rök fyrir því að mismunandi reglur gildi um það þegar fyrirtæki með einkaleyfasölu selur rafmagn, heitt eða kalt vatn.

Verði ekki orðið við framangreindri breytingartillögu er ljóst að Alþingi hefur tekið stefnubreytingu hvað þessi mál varðar og í raun sett 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga í uppnám. Sú lagagrein verður að öllum líkindum lítils virði ef Alþingi tekur þá afstöðu að setja ekki inn ákvæði um arðtökuheimild í sérlög hverju sinni. Eðlilegt framhald af slíkri ákvörðun væri að afnema þær heimildir til arðtöku sem þegar eru í lögum. Sambandið telur slíka breytingu því mjög alvarlegt mál.

Sambandið gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Samband íslenskra sveitarfélaga 16. mars 2004.



Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri